

ÁRSSKÝRSLA 2014

LANDSNEFND UN WOMEN Á ÍSLANDI



ÁVARP UTANRÍKIS- RÁÐHERRA



Árið 2015 markar mikilvæg tímamót í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Þess er minnst að tveir áratugir eru liðnir frá kvennaráðstefnunni í Peking, þar sem framkvæmdaáætlun um jafnrétti var samþykkt, en hún hefur síðan þá verið leiðarljós í réttindabaráttu kvenna. Jafnframt eru fimmtán ár síðan öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun nr. 1325 um konur, frið og öryggi, en með henni staðfesti öryggisráðið mikilvægi kvenna í friðarferli og þess krafist að réttindi þeirra séu virt þar sem ófriður ríkir.

Í haust verða síðan samþykkt ný þróunarmarkmið, sem taka munu við af Þúsaldarmarkmiðunum, en þau renna sitt skeið á enda í árslok.

Jafnréttismál hafa lengi verið meðal helstu áhersluatriða í íslenskri utanríkisstefnu og hefur Ísland, ásamt mörgum líkt þenkjandi ríkjum, unnið ötullega að því að kynjajafnrétti og valdefling kvenna verði miðlæg í nýjum þróunarmarkmiðum. UN Women, leiðir og samhæfir starf á sviði kynjajafnréttis innan SP og gegnir lykilhlutverki hvað alla þessa merkisviðburði áhrærir.

Frá því að ég tók við embætti sem utanríkisráðherra hef ég lagt mikla áherslu á framgang jafnréttismála á alþjóðavettvangi. Aukin þátttaka karla í baráttunni fyrir kynjajafnrétti hefur verið mér sérstaklega hugleikin og ekki síst ábyrgð okkar við að koma í veg fyrir og berjast gegn kynbundnu ofbeldi. Í janúar sl. stóð Ísland, í samvinnu við Súrínam, fyrir svokallaðri rakarastofuráðstefnu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York. Ráðstefnan tengd-

ist átaki UN Women í tilefni 20 ára afmælis Peking ráðstefnunnar auk þess að vera framlag Íslands til #HeforShe átaksins, sem miðar að því að hvetja karla til að taka virkan þátt í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Þrátt fyrir margvíslegar framfarir á sviði jafnréttismála, viðgengst kynbundið ofbeldi í öllum kimum samfélagsins og kemur í veg fyrir að stór hluti íbúa heimsins fái notið þeirra grundvallarmannréttinda að lifa lífi án ofbeldis. Þá eru ótalin samfélagslegu áhrifin, en víst er að kynbundið ofbeldi stendur friði og framförum fyrir þrífum. Efnahagsleg áhrif ofbeldis eru einnig umtalsverð, talin í fjarveru frá vinnustað eða heimili og útgjöldum fyrir heilbrigðiskerfið. UN Women og útverðir stofnunarinnar á Íslandi – landsnefndin sinnir gríðarlega mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og eru ópreytandi við að vekja athygli á skaðsemi þess. Átakið Milljarður rís, er gott dæmi um hvernig hægt er að vekja athygli á jafn alvarlegu málefni með afgerandi hætti. Baráttuandinn og samstaðan í Hörpu þegar þúsundir dönsuðu við dynjandi tónlist, mun seint líða mér úr minni.

Stuðningur við UN Women og verkefni stofnunarinnar víða um heim er lykilþáttur í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Landsnefndin á heiður skilinn fyrir frjótt og kraftmikið starf, sem ljær alþjóðlegu jafnréttisstarfi og málafnum kvenna rödd, hér á landi og víðar. Það er von mín að það góða samstarf sem utanríkisráðuneytið hefur átt við landsnefndina um árabil haldi áfram að styrkjast og eflast í þágu þessa mikilvæga mannréttindamáls.

Gunnar Bragi Sveinsson
utanríkisráðherra



Útgefandi: Landsnefnd UN Women á Íslandi

Forsíðumynd: UN Photo/Martine Perret

Myndir: Hörður Ásbjörnsson, Jón Svavarsson og myndir úr safni UN Women og Sameinuðu þjóðanna.

Hönnun og umbrot: Sólveig Rolfsdóttir

ÁVARP FORMANNS



Betur má ef duga skal!

Nú eru tuttugu ár liðin frá því að fulltrúar 189 aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, grasrótarsamtaka og þrýstihópa komu saman í tilefni af fjórðu kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995. Kvannahreyfingar og þjóðarleiðtogar víðsvegar að komu saman til að vinna saman að einu markmiði, að kortleggja hvernig auka mætti kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna og stúlkna um allan heim. Afrakstur fundarins var Peking-sáttmálinn – framsækin áætlun í 12 liðum sem miðaði að því að bæta hag og réttindi kvenna og stúlkna. Nú tuttugu árum síðar er sáttmálinn enn ein af meginstöðum í réttindabaráttu kvenna.

Á þessu tuttugu ára tímabili hafa mörg framfaraskref verið stigin í jafnréttisbaráttunni. Atvinnuþátttaka kvenna hefur aldrei verið meiri og aldrei hafa fleiri stúlkur gengið í skóla. Þá hefur þátttaka kvenna í stjórnámálum aukist til muna og konur oftast í hlutverki leiðtoga og stjórnenda. Á sama tíma og við fögnum þeim framförum sem hafa átt sér stað í jafnréttisbaráttunni á undanförunum árum er einnig mikilvægt að minna okkur á að enn er mikið verk óunnið. Engu ríki hefur tekist að koma á fullkomnu kynjajafnrétti og víða eru konur og stúlkur enn að berjast fyrir grundvallarmannréttindum sínum. Einungis hafa 12 konur verið lýðræðislega kjörnar sem þjóðhöfðingjar frá árinu 1995. Konur sitja aðeins í 21 prósent þingsæta í heiminum, um 700 milljónir núlifandi kvenna hafa verið giftar fyrir 18 aldur, þriðjungur þeirra fyrir 15 ára aldur, og 70 prósent þeirra sem búa við sárafátækt í heiminum í dag eru konur. Ofbeldi gegn konum er útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum í dag og 600 milljónir kvenna búa í löndum þar sem heimilisofbeldi er ekki refsivert.

Það er því ábyrgð og skylda aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, alþjóðastofnana, ríkisstjórna heimsins og grasrótarsamtaka að setja konur og stúlkur í forgrunn. En eins og Phumzile Mlambo-Ngcuka framkvæmdastýra UN Women sagði: „Peking-sáttmálinn er óuppfylt loforð til kvenna og stúlkna. Allar þjóðir heims verða að spýta í lófana. Jafnrétti kynjanna verður að nást fyrir árið 2030. Til að koma í veg fyrir að börn sem fæðast í dag þurfi að bíða í 80 ár eftir fullkomnu jafnrétti í heiminum, þarf að hraða framfarafarinu. Hingað til hefur það farið fram á hraða snigilsins. Spýtum í lófana og byggjum upp heim þar sem konur, helmingur mannskyns, eru jafnar körlum á öllum sviðum fyrir árið 2030!“

Í tilefni af 20 ára afmælis sáttmálans stendur UN Women fyrir árslangri herferð sem miðar að því að kynna sáttmálann

fyrir almenningi, sýna hvaða árangur hefur náðst á þessum 20 árum en einnig að skoða hvar við þurfum að bæta okkur og beita ríki heimsins þrýstingi til að leggja meiri áherslu og meira fjármagn í jafnréttismál. Hlutverk landsnefndar UN Women á Íslandi er að vera samherji UN Women hér á landi og vekja almenning til vitundar um jafnréttismál og stöðu kvenna í þróunarlöndum, þrýsta á stjórnvöld að leggja til fjármuni til jafnréttismála og að safna framlögum til að sinna öllum þeim brýnu verkefnum sem hrinda þarf í framkvæmd til að bæta stöðu kvenna um víða veröld.

Síðastliðin ár hefur framlag íslensku landsnefndarinnar til UN Women verið það þriðja hæsta og er þá ekki tekið mið af höfðatölu. Við sjáum að framlögin frá Íslandi skipta verulegu máli. Við í landsnefndinni erum afar stolt, stolt af því hversu vel starfsemi samtakanna hefur dafnað undanfarin ár og stolt af því að framlag okkar til UN Women hefur aukist jafnt og þétt ár frá ári. Slíkum árangri hefði aldrei verið náð nema með hjálp fyrirtækja og þeirra fjölmörgu einstaklinga sem skráð hafa sig sem styrktaraðila í Systralagið. Fyrir hönd landsnefndarinnar færi ég þessu góðu fólki bestu þakkir fyrir stuðninginn.

Guðrún Ögmundsdóttir

EFNISYFIRLIT

- 4 FJÁRÖFLUN
- 6 ÖRUGG BORG
- 8 VITUNDARVAKNING
- 11 KYNNINGARSTARF OG FRÆÐSLA
- 14 ÁNÆGJULEGT SAMSTARF VIÐ UTN
- 15 SIGRAR Í JAFNRÉTTISBARÁTTU
- 16 ÁRSREIKNINGUR
- 17 ENGLISH OVERVIEW
- 19 STJÓRN UN WOMEN

FJÁRÖFLUN

Til að sporna gegn kynbundnu ofbeldi og efla viðleitni kvenna til að skapa sér, börnum sínum og samfélagi betri framtíð treystir landsnefnd UN Women einungis á frjáls framlög. Fjölmargir lögðu samtökunum lið á árinu; bæði með vinnu sinni í þágu samtakanna eða með fjárframlögum.

Líkt og undanfarin ár var landsnefnd UN Women á Íslandi dyggur stuðningsaðili Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum. Sjóðurinn er eini sjóðurinn innan SP sem vinnur eingöngu að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum og er rekinn undir hatti UN Women. Helstu áherslur sjóðsins eru afnám ofbeldis gegn konum, að auka aðgengi þolenda ofbeldis að viðeigandi þjónustu og sterkari löggjöf og stefnumótun um ofbeldi gegn konum. Síðan sjóðurinn tók til starfa árið 1996 hafa 368 verkefni í 132 löndum hlotið styrki.

Undanfarin ár hefur sjóðurinn styrkt um 80 verkefni í 70 löndum. Styrktarsjóðurinn hefur ávallt lagt áherslu á að styrkja grasrótarsamtök sem berjast fyrir bættri stöðu kvenna. Einnig styður sjóðurinn

samstarf frjálsra félagasamtaka og stjórnvalda á hverjum stað og býðst frjálsum félagasamtökum að sækja um styrki. Samkeppnin um að fá úthlutaðan styrk frá sjóðnum er mikil. Árlega berast um 2.200 umsóknir og að meðaltali hljóta 25 verkefni styrk. Þessi 25 verkefni snerta líf 24 milljóna kvenna um heim allan. Sem dæmi um verkefni má nefna fræðslu í eþíópískum skólum sem miða að því að stöðva þvinguð hjónabönd og eina athvarfið í Kambódíu fyrir konur sem lifað hafa af sýruárásir.

Landsnefndin styður einnig við fleiri ólík verkefni UN Women sem miða að því mennta konur og efla til efnahagslegs sjálfstæðis í fátækustu löndum heims í gegnum Jafnréttissjóðinn. Í Gvatemala hlutu samtök kvenbænda fræðslu um hvernig þær geti sótt um lánsfé og ræktað land sitt og séð þannig fyrir sér og börnum sínum. Þá styrkir landsnefndin einnig verkefnið Öruggar borgir sem miðar að því að gera borgir öruggar fyrir konur og börn um víða veröld t.d. með bættri götulýsingu.

Systralag

Segja má að Systralagið sé hjarta starfsemi íslensku landsnefndarinnar. Systralagið er helsta fjáröflunarleið samtakanna þar sem mánaðarlegir styrktaraðilar skipta sköpum fyrir starfið. Eins og fyrri ár runnu framlög landsmanna í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum og nú einnig í Jafnréttissjóð UN Women. Verkefni sem hljóta styrki úr sjóðnum tveimur hafa áhrif á líf milljóna kvenna og fjölskyldna þeirra um heim allan.

Systralagið óx hratt og örugglega á árinu. Í lok árs voru mánaðarlegir styrktaraðilar orðnir 4.400 og er það fjölgun um 23% á einu ári. 65% nýrra styrktaraðila voru konur, 34% karlar og 1% fyrirtæki. Komu þrír af hverjum fjórum þeirra frá höfuðborgarsvæðinu en fjórðungur utan höfuðborgarsvæðis. Flestir skráðu sig í gegnum götukynningar, eða 71%.

Landsnefndin leggur mikla áherslu á að auka tryggð og ánægju styrktaraðila sinna með góðum samskiptum. Sendir landsnefndin því reglulega út rafræn fréttabréf á styrktaraðila með upplýsingum



Götukynnar UN Women.

um starf samtakanna og þeim árangri sem hefur náðst. Einnig er landsnefndin virk á helstu samfélagsmiðlum og hefur til að mynda rúmlega 8.000 fylgjendur á Facebook. Tryggir styrktaraðilar gera landsnefnd UN Women kleift að senda þriðja hæsta fjárframlag allra landsnefnda í krónum talið, fyrir utan Ástralíu og Finnland, til UN Women.

TÖLFRÆÐI NÝSKRÁNINGA

Götukynningar

Frá árinu 2009 hefur UN Women á Íslandi starfrækt götukynningar yfir sumartímamann þar sem ungt og öflugt fólk kynnir starfsemi samtakanna og býður gangandi vegfarendum að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar. Ekki varð breyting á því fyrirkomulagi árið 2014. Meirihluti styrktaraðila samtakanna frá upphafi hafa gengið í Systralagið í kjölfar samtals við götukynna.

Götukynnar UN Women lífðu upp á götur bæjarins og fræddu landsmenn um jafnrétti kynjanna af eldmóði við góðar viðtökur og gripu margir tækifærið og skráðu sig í Systralagið á staðnum. Meiri áhersla en síðustu ár var lögð á götukynningar utan höfuðborgarsvæðisins, bæði á suðvesturhorninu og á Norðurlandi og gafst það mjög vel.

Úthringingar

Starfsfólk landsnefndarinnar hefur reglulega hringt í landsmenn með það að markmiði að bjóða þeim í Systralagið. Farið var í tvö úthringiátök á árinu, annars vegar á vormánuðum og hins vegar í lok árs. Áhersla á úthringingar var þannig aukin, og var góðum hópi starfsmanna bætt við í hlutastörf við hvort tilefni. Gengu úthringingar vel og skráði fjöldi fólks sig í Systralagið.

Baukar

Söfnunarbaukar UN Women hafa síðustu ár verið staðsettir víða á höfuðborgarsvæðinu, s.s. í búðum og á kaffihúsum, og hafa landsmenn tekið vel í að styrkja framtakið með afgangsmýnt sinni. Landsnefndin kann Agli Geirssyni og Kristjáni Páli Kolka Leifssyni innilegar þakkir fyrir að sjá um styrktarbauka samtakanna í rúmt ár. Þeir þræddu kaffi- og veitingahús bæjarins í hverjum einasta mánuði og skiptu út baukum í sjálfboðavinnu. Þess má geta að samtökin safna rúmlega 500 þúsund krónum á ári hverju þökk sé gjafmildum landsmönnum.



Reykjavíkumaraþon

Rúmlega 400 þúsund krónur söfnuðust til verkefna UN Women vegna áheita íslenskra hlaupara í Reykjavíkumaraþoninu í ágúst, en tæplega 20 hlauparar hlupu til styrktar samtakanna. Er það hæsta upphæð sem safnast hefur til samtakanna í gegnum áheit til þessa. UN Women á Íslandi færir bæði öllum hlaupurum þakkir og ekki síður þeim sem sáu sér fært að styrkja þá til góðra verka.


Ég vil gefa gjöf

Gjafabréf UN Women er vinsæl tækifærisgjöf sem nálgast má á heimasíðu og skrifstofu samtakanna. Velja má milli þess að gefa heildræna aðstoð fyrir fórnarlömb sýruárása í Kam-bódíu og ljósastaur í Nýju Delí svo dæmi séu tekin. Verð gjafabréfanna eru á bilinu tvö til fimmtán þúsund krónur. Færst hefur í aukana að fólk heldur gjafabréf UN Women af tilefni afmæla, útskrifta og stærri tilefna fremur en aðrar gjafir. Ágóði gjafabréfanna rennur í Styrktarsjóð SP til afnáms ofbeldis gegn konum.


Óvæntir styrkir

Tónlistarkonan, Ólöf Arnalds veitti landsnefndinni óvæntan styrk að andvirði rúmlega 300 þúsund króna. Ólöf efndi til söfnunar fyrir nýrri plötu


Fjöldi mánaðarlegra styrktaraðila




Skráningarleið



Kyn



Búseta



sinni, *Sudden Elevation*, á söfnunarsíðunni pledgemusic.com. Söfnunin gekk vel og gaf hún afgang söfnunarfjárins til UN Women á Íslandi. Ólöfu færur við kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Kaffitár í samstarfi við UN Women

Landsnefnd UN Women á Íslandi í samstarfi við Kaffitár efndu til fjáröflunarátaks sl. sem bar heitið *Kraftur til kvenna*. Skorað var á kaffiunnendur og viðskiptavinum Kaffitárs að bæta 100 krónum við kaffibollann sinn og veita þannig konum í fátækustu löndum heims kraft til að búa sér og börnum sínum betra líf og framtíð. Allur ágóði rann í

Jafnréttissjóð UN Women (e. *Fund for Gender Equality*). Ragnheiður Kristín Sigurðardóttir, Íslands- og bikarmeistari í kraftlyftingum kvenna, opnaði átakið á Kaffitári í Kringlunni. Landsmenn tóku vel í ákall UN Women og Kaffitárs og yfir fimm þúsund manns lögðu sitt af mörkum í baráttunni fyrir réttlátari heimi fyrir konur og stúlkur. Landsnefndin kann Kaffitári bestu þakkir fyrir samstarfið.

Systralagsherferð

Á vormánuðum var blásið til átaks með það að markmiði að fjölga Systralagskráningum. Tókst herferðin gríðarlega vel og skilaði tilætluðum árangri. Voru þáverandi meðlimir Systralagsins hvattir til að skora á vini og vandamenn að skrá sig sem mánaðarlega styrktaraðila og þannig leggja sitt af mörkum til að efla mannréttindi kvenna. Rúmlega 80 manns skráðu sig á meðan herferðinni stóð.

ÖRUGG BORG

Landsnefnd UN Women ýtti úr vör herferðinni Örugg borg þann 18.nóvember þegar samnefndur vefur var settur í dreifingu. Herferðin var hluti af alþjóðlega áttakinu Öruggar borgir (e. *Safe Cities Global Initiative*) á vegum UN Women sem miðar að því að draga úr og útrýma ofbeldi gegn konum og stúlkum á opnum svæðum í borgum. Reykjavík var sautjándi borgin sem tók þátt í verkefninu en borgir sem þá þegar höfðu náð árangri voru til dæmis Kaíró, Nýja Delí og Kígálí. Borgaryfirvöld Reykjavíkur hétu því að vera örugg borg og vinna að bættu öryggi kvenna og barna í samstarfi við UN Women á Íslandi.

Staðreyndin er sú að ofbeldi gegn konum, stúlkum og börnum í almenningsrymum er hnattrænt vandamál og víða í borgum heimsins er ofbeldi daglegt brauð. Ein af hverjum þremur konum í heiminum hefur upplifað ofbeldi á lífsleiðinni og ein af hverjum fimm hefur upplifað kynferðislegt ofbeldi. Þvert á þjóðir hefur aldur, samfélagsstaða og klæðaburður engin áhrif á hvort konur eða stúlkur verði fyrir kynferðisofbeldi eða áreitni á almenningsvæðum. Samkvæmt upplýsingum frá UN Women hafa 95 prósent kvenna í Nýju Delí og 99,3 prósent kvenna í Kaíró orðið fyrir kynferðislegri áreitni. Þrjú af hverjum fjórum karlmönnum í Nýju Delí telja konur bera sjálfar ábyrgð á ofbeldinu ef þær eru einar á ferð í myrkri og í tilteknum klæðnaði. Einnig kom fram að 43 prósent kvenna í London höfðu upplifað kynferðislega áreitni á götum úti á síðastliðnu ári. Meira að segja í öruggustu borgum heims eins og Reykjavík upplifa konur sig óöruggar en í nýlegri rannsókn á vegum lögreglunnar kom í ljós að nálægt um 80 prósent kvenna upplifa sig mjög eða nokkuð óöruggar í myrkri í miðbæ Reykjavíkur.



Landsnefnd UN Women á Íslandi gerði samstarfssamning við Reykjavíkurborg sem hét því að láta fara fram greiningu á því hvar vandinn lægi (e. *scope study*) og í framhaldi vinna markvisst að auknu öryggi kvenna, stúlkna og barna í opinberum rýmum Reykjavíkur.

Birtingarmyndir vandans eru ólíkar milli landa og lausnirnar oft svæðisbundnar. Verkefni UN Women miða að því að vinna náið með borgaryfirvöldum og frjálsum félagasamtökum í hverri borg fyrir sig. Í krafti þeirra verkefna sem UN Women studdu var götulýsing og lýsing á strætisvagnastöðvum og almenningsklósettum bætt auk þess sem gangstéttir voru breikkaðar í Nýju-Delí. Í Port Moresby í Papúa Nýju Gíneu hefur verið komið upp sérstökum kvennastrætótum á álagstímum til að forðast áreiti karlmanna í troðnum vögnum. Í Rio de Janeiro var búið til sérstakt snjallsímaforrit til að veita þolendum ofbeldis í fátækrahverfum upplýsingar um næstu lögreglustöð, neyðarmóttöku og kvennaathvarf. Lausnirnar eru oft ódýrar en áhrifaríkar.

Með því að skapa konum og börnum í fátækustu löndum heims öruggt líf á götum úti eykst atvinnuþátttöku kvenna, hægur fjölskyldna vænkar sem og samfélagsins alls. Verkefnið Öruggar borgir vinnur að þessu markmiði og stuðlar

að hugarfarsbreytingu meðal borgara um að kynbundið ofbeldi sé aldrei þolað og hefur skaðleg áhrif á þann sem fyrir því verður.

Hugmyndin á bakvið íslensku herferðina var að gera myndband byggt á reynsluheimi íslenskra kvenna við ólíkar aðstæður hér á landi sem ógna öryggi þeirra. Í einu atriði laumar karlmaður pillu í glas konu sem stödd er á skemmtistað, annað sýnir konu úti að hlaupa um kvöld á göngustíg og er elt uppi af tveimur karlmönnum og þriðja atriðið sýnir kynferðislega áreitni á vinnustað.

Tilgangur herferðarinnar var að safna fjármagni til verkefna í fátækustu löndum heims þar sem neyðin er hve mest. Almennungi bauðst að leggja sitt af mörkum með því að senda sms og taka þannig þátt í að gera aðra borgir öruggari fyrir konur og stúlkur.

Landsnefndin leitaði til Símans sem var bakhjarl verkefnisins. Framleiðslufyrirtækið Tjarnargatan hannaði myndbandið auk vefsíðu herferðarinnar. Upp kom sú hugmynd að gera gagnvirkan vef sem væri þeim eiginleikum gæddur að bjóða upp á tvær útgáfur; hefðbundinn gagnvirkan vef og snjallsímaútgáfu af vefnum. Það er ánægjulegt að segja

OFBELDI Í ALMENNINGSRÝMUM

- 99,3% kvenna og stúlkna í Kaíró í Egyptalandi hafa upplifað kynferðislega áreitni. Um helmingur verður fyrir áreitni daglega
- 95% kvenna í Nýju Delí á Indlandi hafa upplifað kynferðislega áreitni
- Þrír af hverjum fjórum karlmönnum í Nýju Delí telja konur ögra með klæðaburði
- Tveir af hverjum fimm karlmönnum í Nýju Delí telja konur sem er á ferli eftir myrkur eiga skilið að vera áreittar
- 43% kvenna í London upplifðu kynferðislega áreitni á götum úti á síðasta ári
- Um 80% kvenna á Íslandi upplifa sig mjög eða nokkuð óöruggar í myrkri í miðbæ Reykjavíkur



Skjaskot af vefsíðunni www.oruggborg.is

frá því að vefurinn www.oruggborg.is hlaut Íslensku vefverðlaunin fyrir frumlegasta vefinn árið 2014.

Óhætt er að segja að myndbandið hafi vakið mikla athygli og í kjölfarið fjölgaði mánaðarlegum styrktaraðilum samtakanna tölulegt. Fjölmíðlar tóku vel við sér og fjölluðu ítarlega um verkefnið sem fór að stórum hluta fram á samfélagsmiðlum.

Herferðin er sú víðamesta sem íslenska landsnefndin hefur framkvæmt og runnu framlög landsmanna til verkefnis í Kígali í Rúanda. Konur og stúlkur í Kimisagara-hverfinu þar í borg þurfa að þola mikið kynferðisofbeldi og áreitni á götum úti. Yfir 55% kvenna segjast hræðast að

yfirgefa heimili sín eftir myrkur. Þetta vandamál dregur úr atvinnuþátttöku kvenna en þær sem vinna á mörkuðum eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir ofbeldinu.

Með því fé sem safnaðist verður komið upp “street mini market” sem unnir er út frá þörfum kvenna. Komið verður upp aðgangi að hreinu vatni, öruggu og kynjaskiptu klósetti ásamt þjónustu fyrir konur með börn svo þær geti tekið þau með sér í vinnuna.

Landsnefndin átti í farsælu samstarfi bæði við Símann og Tjarnargötuna og þakkar þeim kærlega fyrir ríkulegan stuðning.

VITUNDARVAKNING

8.500 karlmenn skráðu sig á HeForShe

UN Women blés til alþjóðlegs átaks í september þar sem karlar og strákar voru hvattir til að stíga fram og lýsa stuðningi sínum við jafnréttisbaráttuna. Emma Watson, velgjörðarsendiherra UN Women, hélt eftirminnilega ræðu um mikilvægi feminisma og þátttöku karlmanna í baráttunni fyrir auknu kynjajafnrétti í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Í kjölfarið gekk myndband af ræðu Watson eins og eldur um sinu á Netinu.

Markmið átaksins er að virkja milljarð karlmanna til þátttöku í baráttunni fyrir auknu kynjajafnrétti með því að skrá sig á síðu átaksins, www.heforshshe.org. Markmiðið er ekki síður að vekja karlmenn til vitundar um mikilvægi þess að þeir stuðli að hugarfarsbreytingu sem snýst um að bera virðingu fyrir öllum og útrýma niðurlægjandi orðræðu um konur. Karlmenn eru hvattir til að standa upp þegar þeir verða uppvisir að óréttlæti og misrétti í garð kvenna hvort sem er á vinnustöðum, í almannarýminu eða á Netinu. Einnig eru þeir hvattir til að taka þátt í að breyta úreltum staðalímyndum um kynjahlutverk til dæmis innan veggja heimilisins og við uppeldi barna sinna. Þar að auki að vekja karlpeninginn til vitundar um fjarsamfélag sitt þar sem gróf mannréttindabrot eiga sér stað á hverjum einasta degi. Landsnefnd UN Women á Íslandi tók að sjálfsögðu virkan þátt og hvatti karlmenn á Íslandi til að skrá sig sem gekk vonum framár.

Yfir 8.500 íslenskir karlmenn skráðu sig á síðunni en þess má geta að eingöngu í Bretlandi náðust fleiri skráningar í Evrópu. Jafnt og þétt út árið auglýsti landsnefndin átakið á samfélagsmiðlum. Á vordögum 2015 ræðst svo íslenska landsnefndin í sérstakt átak þar sem markmiðið er að hvetja karlmenn hér á landi til að gerast mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women.

Milljarður rís

Ríflega 3.000 Íslendingar um allt land tóku þátt í feminískri flóðbylgju í hádeginu þann 14. febrúar í tilefni af alþjóðlega viðburðinum Milljarður rís. UN Women á Íslandi endurtók leikinn frá því ári áður og efndi til dansveislu í samstarfi við tónlistarhátíðina Sónar Reykjavík. Í Reykjavík var Óttarr Proppé, alþingismaður með meiru, kynnrir og leiddi um 2.500 manns inn í dansinn undir taktvissri tónlist Dj Margeirs í Hörpu. Þar að auki var dansgestum komið á óvart



HeForShe
UN Women Solidarity Movement
for Gender Equality

þegar Högni Egilsson steig á stökk og tók lagið öllum til mikillar ánægju. Jafnframt var dansað í Hofi á Akureyri, í Menntaskólanum á Ísafirði, félagsheimilinu Herðubreið á Seyðisfirði og í Vestmannaeyjum. Fólk dansaði til að sýna þolendum ofbeldis stuðning og þeim til hvatningar til að stíga fram og segja sína sögu. Um leið var þeim framfaraskrefum sem hafa átt sér stað í jafnréttisbaráttunni fagnað með dansinum. Landsnefndin skoraði á skóla, fyrirtæki og stofnanir að fjölmenna og má með sanni segja að áskoruninni hafi verið vel tekið. Nemendur á öllum skólastigum mættu dansandi og starfsfólk ýmissa fyrirtækja og stofnanna fylktu liði á dansgólfið. Hópur á vegum UN Women klædd appelsínugulum bolum gengu á milli og



buðu gestum að stíga skrefinu lengra í dansinum og gerast mánaðarlegir styrktaraðilar samtakanna. Þess má geta að fjöldi fólks skráði sig sem mánaðarlega styrktaraðila á viðburðinum. Dönsurum sem og öðrum bauðst einnig að taka þátt í herferðinni á samfélagsmiðlum með því að setja inn myndir/myndbönd með kassamerkinu #milljardurris14. Undirtektirnar voru góðar og fólk tók virkan þátt. Myndir og athugasemdir hrönnuðust upp. Starfsfólk Hörpu var að venju frábært í samstarfi að öllu leyti og buðu gestum viðburðarins að leggja frítt í Hörpu á meðan dansinn dunaði. Samtakamátturinn var allsráðandi og greinilegt er að fólk vill sjá breytingar og búa í samfélagi þar sem konur lifa án ótta við ofbeldi.



Phumzile Mlambo-NGCuka, framkvæmdastýra UN Women á opnunarhátíð áttaksins Peking+20 í New York.

Fullkomið jafnrétti fyrir 2030

Í tilefni af 20 ára afmæli Peking-sáttmálans árið 2015 hratt UN Women af stað árslangri herferð sem hvetur aðildarríki Sameinuðu þjóðanna til að leggja aukna áherslu á jafnrétti kynjanna. Herferðin hófst formlega 26.júní í hinu sögufræga Apollo-leikhúsi í Harlem, New York. Þar kom fjöldi kvenna og karla saman og veittu gestum innblástur með stuttum erindum og atriðum. Gréta Gunnarsdóttir, fastafulltrúi, hélt erindi þar sem hún minnti á að kvenréttindi væru mannréttindi og löngu tímabært væri að standa við þær skuldbindingar sem samið var um á fjórðu kvennaráðstefnu SP í Peking árið 1995. Þess má geta að Gréta Gunnarsdóttir átti hugmyndina að herferðinni. Nú tuttugu árum síðar hefur margt vatn runnið til sjávar. En verkefni eru enn mörg og brýn. Líkt og Phumzile Mlambo-NGCuka, framkvæmdastýra UN Women komst að orði: „Peking-sáttmálinn er óuppfylt loforð til kvenna og stúlkna.“

Markmið herferðarinnar er að kynna sáttmálann fyrir almenningi, sýna þann árangur sem hefur náðst á þessum 20 árum en einnig að skoða hvar við þurfum að bæta okkur og beita aðildarríki þrýstingi til að leggja meiri áherslu á jafnréttismál og auka við fjármagn í málaflokkinn. UN Women opnaði sérstaka heimasíðu fyrir átakið og í hverjum mánuði er einblínt á einn flokk og eitt málefni. Íslenska landsnefndin tók að sjálfsögðu virkan þátt í áttakinu og heldur áfram að kynna málefni út júní 2015, þegar herferð lýkur. Þátttaka landsnefndarinnar í áttakinu felst í að vera sýnileg á samfélagsmiðlum og birta fréttir og sögur í tengslum við Peking-sáttmálann.

Með Sýrlandi

Þann 15.mars voru þrjú ár liðin frá því að átökin í Sýrlandi brutust út. UN Women á Íslandi ásamt Íslandsdeild Amnesty International og ungmennaráðum beggja samtaka skipulögðu svokallað *WithSyria* átak fyrir framan Hörpu, en átakið fór einnig fram víða um heim til að sýna Sýr-



Með Sýrlandi.

lendingum samstöðu. Á Íslandi kom dágóður hópur fólks saman við Hörpu og var rauðum blöðrum sleppt sem tákni um frið. Kassamerkið #withsyria var notað um allan heim. Vert er að geta þess að UN Women starfrækir athvörf eða griðastaði fyrir konur og stúlkur í Zatari, Al-Hussein, Der-Allah, Hittin og Irbid flóttamannabúðunum í Sýrlandi. Þar fá konur og stúlkur tækifæri til þess að afla sér þekkingar og starfsþjálfunar til þess að geta framfleytt sér og fjölskyldum sínum.

Ljósagjörningurinn Skínalda

25. nóvember er alþjóðlegur baráttudagur Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og markar upphaf hins árlega 16 daga átaks gegn ofbeldi. Af því tilefni efndi landsnefndin í samstarfi við listakonuna Ragnheiði Hörpu Leifsdóttur, til ljósagjörnings þar sem samspil ljóss, tóna og fólks var í aðalhlutverki. Gjörningurinn fór fram á Klambartúni að lokinni undirskriftarathöfn á Kjarvalsstöðum þar sem Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, undirritaði samstarfssamning við UN Women. Með samningnum skuldbatt Reykjavíkurborg sig til að vinna markvisst að öryggi kvenna og barna í opinberum rýmum borgarinnar. Landsmenn, sem voru hvattir til að mæta með ljósgjafa eins og snjallsíma, vasaljós eða kerti, röðuðu sér upp í spíral undir stjórn Ragnheiðar Hörpu, svo að ljósið yrði sem skærast. Hugmyndin um spíralformið kviknaði út frá hreyfingum vinda um heiminn. Byrjað var að kveikja ljós



Ljósagjörningurinn Skínalda.

í miðju spíralsins, svo ferðaðist ljósið eins og alda út frá miðjunni út í jaðra spíralsins. Kórar undir stjórn Hildigunnar Einarsdóttur og Lilju Daggar Gunnarsdóttur komu sér fyrir meðal þátttakenda og sungu bjartan hljóm þegar ljósið breiddist út. Samtaka fylgdi söngurinn hreyfingu spíralsins. Eins og ljósið, þá byrjuðu raddirnar að óma frá miðju, og héldu áfram út í arma spíralsins. Hljómurinn og ljósið lifðu í tíu mínútur og framleiðslufyrirtækið Tjarnargatan, tók loftmyndir af viðburðinum með dróna. Óhætt er að segja að sjónarspilið hafi heppnast vel, Klambatúnið Lýstist upp og þau táknrænu skilaboð voru send út í samfélagið að ofbeldi gegn konum yrði ekki umborið framfar. Salka Sól Eyfeld, tónlistarkona með meiru, flutti ávarp og boðið var upp á kakó úti og hlýju inni á Kjarvalsstöðum að verkinu loknu, sem var lokahnykkur í átakinu. Síminn og Reykjavíkurborg styrktu verkefnið.

Jafnréttisráðstefna 27. maí

Landsnefnd UN Women á Íslandi ásamt Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og Samtökum atvinnulífsins buðu til opinnar ráðstefnu 27. maí á Hilton Reykjavík Nordica í samstarfi við Janfréttisstofu, sem bar heitið „Aukið jafnrétti – aukin hagsæld“.

Á ráðstefnunni var rætt um mikilvægi þess að fyrirtæki setji jafnréttismál á oddinn út frá viðskiptalegum forsendum og samfélagsábyrgð. Rætt var um nauðsyn þess að hafa blandaðar stjórnir og stjórnendur í fyrirtækjum bæði út frá jafnréttissjónarmiðum og af þeirri ástæðu að þar með eru teknar betri ákvarðanir fyrirtækjum til heilla. Eins var rætt um stefnu og innleiðingu Jafnréttissáttmála UN Women og UN Global Compact sem Kristin Hetle yfirkona hjá UN Women ræddi. Auk hennar komu fram þau Gena Lovett, Global Chief Diversity Officer hjá Alcoa, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis á Íslandi ásamt Sigurborgu Arnardóttur formanni Festu og Þorsteini Víglundssyni framkvæmdastjóra Samtaka a tvinnulífsins.

Þá voru Hvatningarverðlaun Jafnréttismála veitt í fyrsta sinn. Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, landsnefnd UN Women á Íslandi, Samtök atvinnulífsins og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð stóðu fyrir verðlaununum. Markmið þeirra er að vekja athygli á fyrirtækjum sem sett hafa jafnrétti á oddinn og hvetja önnur fyrirtæki til að gera slíkt hið sama. Aukið jafnrétti á atvinnumarkaði er ekki einungis lagalega og siðferðislega rétt heldur er það fyrirtækjum til heilla bæði út frá samfélagsábyrgð og viðskiptalegum forsendum.



Rannveig Rist og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra heiðraði Rio Tinto Alcan á Ísland með Hvatningarverðlaunum jafnréttismála og tók Rannveig Rist við verðlaununum. Í álit dómnefndar kom meðal annars fram: „Þetta fyrirtæki hefur með markvissum hætti stuðlað að jafnrétti í starfsemi sinni um árabil. Stjórnendur fyrirtækisins hafa með eftirtektarverðum hætti breytt menningu fyrirtækisins svo bæði kynin eiga þar nú jafna möguleika til starfsframa og þar er stuðlað að launajafnrétti.“ Fimm stórfyrirtæki; Alcoa Fjarðarál, Actavis, Arion Banki, Orkuveitan og Össur ásamt Stjórnarráði Íslands undirrituðu Jafnréttissáttmálann og þar með yfirlýsingu um að fylgja honum. Styrktaraðili ráðstefnunnar var Actavis á Íslandi og hluti af aðgangseyri ráðstefnunnar rann til verkefna UN Women.

KYNNINGARSTARF OG FRÆÐSLA

Starfskonur landsnefndarinnar ásamt kröftugu ungmennaráði samtakanna stóðu fyrir öflugri fræðslu- og kynningarstarfsemi þetta árið. Starfskonur skrifstofunnar kynntu til dæmis störf landsnefndar og UN Women fyrir GEST, nemendum Alþjóðlega Jafnréttisskólans á Íslandi, á aðalfundi Spíra - félagi kvenstjórnenda í Íslandsbanka, Ungum jafnaðarmönnum, Félagi kvenna í atvinnurekstri og fyrir Vítamín, hópi Hins Hússins fyrir ungt fólk í atvinnuleit svo dæmi séu nefnd.

Öflugt ungmennaráð UN Women

Ráðið hittist vikulega og fundar og heldur úti lokaðri Facebook-síðu þar sem stöðugt upplýsingaflæði fer fram. Meðlimir ráðsins héldu 14 kynningar í framhaldsskólum ásamt einni grunnskólakynningu þar sem þeir kynntu málefni UN Women og ræddu bága stöðu kvenna og stúlkna víðs vegar um heiminn. Leitað var til ungmennaráðsins um að halda erindi á málþingi fyrir kynjafræðinemandur

í framhaldsskólum á haustdögum auk þess sem Bryndís Silja, einn stjórnarmeðlimur, hélt erindi á vegum ungmennaráðsins í Hinu Húsinu, þar sem hún sagði frá upplifun sinni af sjálfböðastarfi í Palestínu fyrr á árinu. Ungmennaráðið stóð fyrir ýmsum viðburðum bæði til fjáröflunar og vitundarvakningar um starf samtakanna. Snemma á árinu stóð ráðið fyrir spunakvöldi á skemmtistaðnum Paloma til þess eins að gera nafn UN Women sýnilegra og kynna starf ráðsins. Ugla Egilsdóttir var kynnrir og Friðrik Guðmundsson lék á píanó. Kvöldið var vel sótt en helstu spuna-leikarar landsins sýndu hæfileika sína við að skemmta gestum. Um mitt sumar stóð ungmennaráðið fyrir kaffismakki á Austurvelli. Kaffitár styrkti verkefnið með kaffi frá Indónesíu, Kambódíu og Brasilíu, löndum þar sem UN Women styrkir verkefni. Á meðan gangandi vegfarendum bauðst að smakka kaffi kynntu ungmennaráðsliðar þeim verkefni og störf UN Women. Uppákomana skilaði



Nokkrir meðlimir ungmennaráðs UN Women.

samtökunum nokkrum Systralags-skráningum, fullum baukum og aukinni vitneskju almennings um UN Women. Síðsumars stóð ráðið fyrir svokölluðu Jógaþoni í Hljómskálagarðinum, í samstarfi við Pop-Up Yoga Reykjavík. Þar kom jógaþóni saman og iðkaði jóga í þágu friðar og til afnáms ofbeldis gegn konum. Þátttakendur greiddu fyrir þátttöku og rann ágóðinn til verkefna UN Women. Ungmennaráðið lét sig ekki heldur vanta á Jafnréttisdaga HÍ á haustdögum og stóð fyrir PubQuiz í Stúdentakjallaranum þar sem hljómsveitin Reykjavíkurdætur leiddu þátttakendur inn í heim spurninganna. Ráðið efndi einnig til ljósmyndasamkeppnis þar sem þemað var „konur“. Yfir 20 ungir ljósmyndarar tóku þátt og fékk ungmennaráðið starfandi blaðamenn og ljósmyndara til að dæma. Ráðið hafði safnað styrkjum og veitti vegleg verðlaun fyrir þá mynd sem bar sigur úr þýtum. Þess ber að geta að ungmennaráðið studdi við bak landsnefndarinnar í hinum ýmsu verkefnum samtakanna líkt og á ljósagjörnungnum Skínöldu og við kynningu á samstarfsverkefni frjálsra félagasamtaka og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, Sterkar stelpur svo dæmi séu nefnd. Ungmennaráð UN Women á Íslandi er skipað Kristínu Maríu Erlendsdóttur, formanni, Elínu Margréti Böðvardsdóttur, Raket Rós Snæbjörnsdóttur, Krístrúnu Höllu Gylfadóttur, Gylfa Birni Helgasyni, Daníel Birgi Björgvinssyni, Guðrúnu Gígju Georgsdóttur, Elínborgu Kolbeinsdóttur og Þóru Kristínu Ottósdóttur.



Jógaþon ungmennaráðs UN Women í Hljómskálagarði.

Undirritunum Jafnréttis-sáttmálans fjölgar

Árið 2010 efndi UN Women til alþjóðlegs átaks UN Women og UN Global Compact um að auka samfélagsábyrgð fyrirtækja á sviði jafnréttismála. Markmið átaksins er að fá forsvarsmenn fyrirtækja til að skrifa undir svokallaðan jafnréttissáttmála (*e. Women's Empowerment Principles*). Sáttmálinn miðar að því að hvetja fyrirtæki til að vinna eftir sjö viðmiðum sem stuðla að auknu jafnrétti kynjanna í rekstri fyrirtækja. Frá því að átakanu var ýtt úr vör hafa rúmlega 900 fyrirtæki undirritað sáttmálann á heimsvísu og 18 fyrirtæki ásamt Stjórnarráði Íslands hér á landi. Fimm stórfyrirtæki; Alcoa Fjarðarál, Actavis, Arion Banki, Össur og Orkuveitan ásamt Stjórnarráði Íslands bættust í hópinn á árinu og undirrituðu þar með yfirlýsingu um að fylgja Jafnréttissáttmálanum. Undirritanirnar fóru fram við hátíðlega athöfn á Jafnréttisráðstefnu sem UN Women hélt í samstarfi við Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð og Samtök atvinnulífsins í lok maí þar sem Hvatningarverðlaun jafnréttismála voru einnig afhent. Þau fyrirtæki sem þá þegar höfðu undirritað sáttmálann hér á landi eru eftirfarandi: Landsbankinn, N1, Lyfja, VÍS, Íslandsbanki, Deloitte, Marel, Rio Tinto Alcan á Íslandi, Landsvirkjun, Kaffitár, CCP, ELLA, Síminn, Össur, Orkuveitan, Arion banki, Actavis á Íslandi og Alcoa Fjarðarál.

Ég á mér draum

Starfskonur UN Women á Íslandi voru meðal þeirra 9.000 kvenna sem sóttu stærstu kvennaráðstefnu Norðurlandanna, *Nordisk Forum: New Action on Women's Rights* í júní. Ráðstefnan fór fram í Malmö Svíþjóð. Markmið ráðstefnunnar var að móta fram-



Hanna Eiríksdóttir, Soffía Sigurgeirsdóttir, Guðrún Ögmundsdóttir ásamt framkvæmdastýru UN Women, Phumzile Mlambo-Ngcuka, Guðrúnu Jónsdóttur, Magneu Marínósdóttur og Grétu Gunnarsdóttur.

tíðarkröfur og sértækar tillögur til norrænna ríkisstjórna um jafnrétti kynjanna. Auk þess var markmiðið að kynna Kvennasáttmálann, Peking-sáttmálann og móta tillögur og krefjast þess að kynjasjónarmið séu höfð að leiðarljósi við mótun nýrra markmiða SP um sjálfbæra þróun, svo dæmi séu nefnd. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá og sóttu starfskonur marga áhugaverða fundi.

Íslenska landsnefndin stóð fyrir viðburði á ráðstefnunni ásamt hinum norrænu landsnefndunum. Fundurinn nefndist einfaldlega *Post 2015* og eins og nafnið gefur til kynna var lögð áhersla á framhaldið eftir árið 2015, afmæli Peking-sáttmálans og nýju þróunarmarkmiðin. Heiðursgestur fundarins var Phumzile Mlambo-Ngcuka, framkvæmdstýra UN Women.

Í erindi sínu tilkynnti hún að að kynjajafnrétti verði að nást fyrir árið 2030. Hún spurði viðstadda hvort þeim þætti það óraunhæft markmið. Salurinn skiptist í tvo hópa. „Ég hugsaði það sama með mér þegar ég skrifaði þetta markmið niður,“ sagði hún hreinskilnislega á fundinum. „En þá hugsaði ég til Martin Luther King og „Ég á mér draum“ ræðu hans. Margir töldu hann vera ansi brattan að leyfa sér að dreyma um heim þar sem fólk af mismunandi kynþáttum gæti búið saman í sátt og samlyndi. Það sama á

við um Nelson Mandela sem sagðist vera tilbúinn að deyja til þess að binda enda á aðskilnaðarstefnu Suður-Afríku. Við höfum 15 ár. Þetta er okkar, „Ég á mér draum“ stund. Við höfum engu að tapa nema drauminum sjálfum,“ sagði Ngcuka að lokum. Gréta Gunnarsdóttir, fastafulltrúi Íslands hjá SP í New York, tók einnig þátt í viðburðinum ásamt Aase Smedle, formanni stjórnar sænsku landsnefndar UN Women og Luisa Emilia Reyes Zuniga hjá *Equidad de Género* í Mexíó.

Sterkar stelpur

Landsnefndin tók þátt í verkefninu *Þróunarsamvinna ber ávöxt* í fjórða sinn. Verkefnið er samstarfsverkefni nokkurra frjálsra félagasamtaka í samvinnu við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. Saman hrintu þessir aðilar í framkvæmd árvekni- og kynningarátaki dagana 3.-11. október sem ætlað var að vekja landsmenn til vitundar um gildi þróunarsamvinnu og það starf sem félagasamtök inna af hendi. Þema ársins 2014 var *Unglingsstúlkun* og var áherslan lögð á stöðu unglingsstúlkna í þróunarlöndum, undir titlinum Sterkar stelpur – sterk samfélög. Yfirlýst markmið átaksins var að hvetja íslensku þjóðina til að senda stúlkum um allan heim sem búa við brot á mannréttindum skilaboð um að þær standi ekki einar. Átakið var sett með hádegisbaráttufundi í Hörpu.

Frummælendur voru Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Pernille Fenger framkvæmdastjóri Mannfjöldastofnunar SP, Sigríður María Egilsdóttir fyrrv. ræðumaður Íslands og Erla Björg Gunnarsdóttir blaðakona á Fréttablaðinu. Kynnir lásu sannar reynslusögur stúlkna í þróunarríkjum og kvikmyndin *Too Young to Wed* var sýnd. Fundurinn var virkilega vel sóttur. Einnig voru haldnir stórtónleikar í Iðró í samstarfi við Kítón, félag kvenna í tónlist, þar sem fjöldi hljómsveita steig á stökk, þeirra á meðal MAMMÚT, Young Karin, Reykjavíkurdætur og fjöldi annarra hljómsveita. Efnt var til myndbandsamkeppni í samstarfi við mbl.is með þemanu Sterkar stelpur, kvikmyndin *Girl Rising* var sýnd tvisvar sinnum í Bíó Paradís og haldin var vatnsfötuáskorun á Austurvelli. Þá var *The Girl Declaration* (Stelpufirlýsingin) þýdd og upp úr henni var búið til skemmtilegt myndband sem dreift var á Netinu. Í mynbandinu má sjá allar helstu tónlistarkonur á landinu fara með yfirlýsinguna. Notast var við samfélagsmiðla; Facebook og Instagram sem og kassamerkið #Sterkarstelpur. Þess má geta að framkvæmdastýra UN Women, Inga Dóra Pétursdóttir var talskona átaksins í fjölmiðlum og óhætt er að segja að átak ársins 2014 hafi verið óvenju viðamikil og áberandi.

Landsnefndin sinnir réttindagæslu

Starfskonur UN Women á Íslandi héldu til New York á fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) sem haldinn var í 58. sinn um miðjan mars. Þema fundarins var áskoranir og árangur í framkvæmd Þúsaldarmarkmiðanna hvað varðar konur og stúlkur. Miklar framfarir hafa orðið á ýmsum sviðum, til dæmis hvað varðar menntun barna en ein helsta fyrirstaða þess að markmiðunum átta verður ekki náð er bág staða kvenna. Mæðradauði er enn hár á mörgum svæðum og konur eru sá hópur sem líklegur er til að búa við sárafátækt. Á fundinum var mikið rætt um mikilvægi þess að aðildarríkin, alþjóðastofnanir og frjáls félagasamtök leggist á eitt við

að búa til heildstæða aðgerðaráætlun sem tekur við af Þúsaldarmarkmiðunum (Post-2015) sem hefur jafnrétti að leiðarljósi í öllum markmiðum nýju áætlunarinnar. Einnig var rætt um kyn og frjósemisréttindi sem og kynjafræðslu. Starfskonur landsnefndarinnar áttu einnig mikilvæga og afkastamikla fundi með UN Women og öðrum landsnefndum.

Alþjóðleg ráðstefna um ályktun öryggisráðsins 1325

UN Women á Íslandi tók þátt í skipulagningu alþjóðlegrar ráðstefnu dagana 4. - 5. apríl í Háskóla Íslands um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325, sem varðar konur, frið og öryggi. Yfirskrift ráðstefnunnar var: *“Addressing the Persistence of Gender Inequalities in Conflict Prevention and Peace Processes* (Meðvitund um ójafnrétti kynjanna við friðaruppbyggingu) og þegar koma skal í veg fyrir átök.” Framkvæmdastýra landsnefndarinnar stýrði pallborðsumræðum um þátttöku Íslands í friðargæsluferlum í tengslum við ályktun 1325 á ráðstefnunni.

ÞAKKIR

Landsnefnd UN Women á Íslandi þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við starf samtakanna árið 2014.

Sérstakar þakkir fá:

Ora
Götukynnur
Úthringiver
Hlauparar í maraþoni
Ungmennaráð
DJ Margeir
Diljá Ámundadóttir
Ámundi Sigurðsson
Salka Sól Eyfeld
Óttarr Proppé
Högni Egilsson
Hörður Ásbjörnsson
Egill Geirsson
Kristján Páll Kolka Leifsson
Starfsfólk Hörpu
Allir sem komu að Milljarður rís á Ísafirði, Seyðisfirði, Akureyri
Allir sem hafa styrkt starfið með framlögum í Systralagið og aðrir sem hafa veitt frjáls framlög



Fulltrúar landsnefnda UN Women funduðu á 58. Kvennanefndarfundum SP.

Fræðsla um ályktun 1325

Samkvæmt samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins og landsnefndar UN Women annast samtökin fræðslu friðargæsluliða og sérfræðinga sem sendir eru út fyrir landsteinana á vegum íslenska ríkisins, um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun

öryggisráðs SP númer 1325. Starfskonur UN Women héldu þónokkur námskeið á árinu. Markmiðið með fræðslunni er að allir þeir sem vinna að málaflokknum á alþjóðavettvangi fyrir hönd Íslands, nýti þekkingu sína í starfi og beiti sér markvisst fyrir framgangi ályktunarinnar.

ÁNÆGJULEGT SAMSTARF VIÐ UTN

Landsnefnd UN Women á Íslandi á í farsælu samstarfi við utanríkisráðuneytið (UTN). Samstarfið er mikilvægt hvað varðar framkvæmd og samþættingu tveggja lykilmarkmiða í utanríkisstefnu Íslands, þ.e. að efla þróunarsamvinnu og styðja við jafnrétti kynjanna. Þau góðu samskipti á milli UN Women og ráðuneytisins hafa einnig gagnast vel fyrir aukið upplýsingaflæði milli starfsmanna landsnefndarinnar, UTN, fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og UN Women í New York.

Samkvæmt samstarfssamningi landsnefndar UN Women og UTN veitir ráðuneytið samtökunum dýrmætt fjárframlag sem gerir samtökunum meðal annars kleift að stuðla að vitundarvakningu um málefni samtakanna meðal almennings. Landsnefndin sinnir fræðslu friðargæsluliða og útsendra sérfræðinga á vegum íslenska ríkisins um jafnréttismál þar sem lögð er sérstök áhersla á ályktun öryggisráðsins númer 1325 er varðar konur, frið og öryggi. Einnig geta starfsmenn ráðuneytisins óskað eftir umsögn eða innleggi landsnefndar vegna starfa eða málefna á alþjóðlegum vettvangi sem snúa að valdeflingu kvenna og jafnrétti.

Ánægjulegt er að segja frá því að UN Women er ein af fjórum lykilstofnunum í þróunarsamvinnu á Íslandi og eru jafnréttismál þverlæg í öllum verkefnum Íslands.

DÆMISAGA MAYY FRÁ PALESTÍNU


Mayy var 19 ára þegar hún þurfti að flýja heimili sitt. Fjölskylda hennar hótaði að drepa hana eftir að hún sagði þeim að fjölskyldumeðlimur og annar fjölskylduvinur hefðu misnotað hana kynferðislega. Mayy leitaði til Mehwar-kvennaathvarfsins í Betlehem, Palestínu. Athvarfið sérhæfir sig í að veita konum og stúlkum sem beittar hafa verið ofbeldi vernd og endurhæfingu.

Kynbundið ofbeldi er mjög útbreitt vandamál í Palestínu en í rannsókn frá 2011 kom í ljós að 37% giftra kvenna hafði upplifað ofbeldi af hálfu eiginmanna sinna, 30% ógiftra kvenna hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og 26% aðspurðra kvenna hafa upplifað andlegt ofbeldi.

Mayy var ein af þeim fyrstu til þess að nýta sér þjónustu kvennaathvarfsins sem hefur nú verið starfrækt í sjö ár. Mehwar-athvarfið er styrkt af UN Women og er eitt af helstu verkefnum samtakanna í Palestínu. Markmið athvarfsins er að veita þolendum ofbeldis vernd, sálfræðimeðferð, félagslegan stuðning, lagalega aðstoð og ráðgjöf. Starfsfólk kvennaathvarfsins leggur áherslu á að skapa þolendum ofbeldis öruggt umhverfi og stuðning til sjálfs-hjálpar. Einnig fá konurnar aðgengi að ýmis konar þjónustu til að auðvelda þeim að byggja upp líf sitt.

Það tók starfsfólk athvarfsins meira en ár að öðlast traust Mayy og fá hana til að opna sig fyrir sér. Saga hennar

er hrottafengin og þurfti hún mikinn stuðning og aðhlyningu. Mayy bauðst að stunda nám meðan á dvöl hennar í athvarfinu stóð. Hún treysti sér ekki til þess til að byrja með en að ári liðnu tókst starfsliðum athvarfsins að sannfæra hana um að taka starfi sem læknaritari. Mayy naut áfram stuðnings frá athvarfinu þegar kom að samskiptum við fjölskyldu hennar. Eftir langar samræður við föður Mayy ákvað fjölskylda hennar að styðja hana til náms. Mayy skráði sig í hjúkrunarfræðinám og fékk íbúð á stúdentagörðum í Betlehem og var áfram í reglubundnum samskiptum við starfsteymi Mehwar. Að tveggja ára námi loknu útskrifaðist Mayy sem hjúkrunarfræðingur. Ævintýri hennar er rétt að byrja.



Á árinu 2014 námu samanlögð framlög UTN 151,1 milljón króna að meðtöldu framlagi til landsnefndarinnar. Síðastliðin ár hafa almenn, óeyrnamerkt framlög íslenska ríkisins til UN Women haldið sér nokkurn veginn. Slík almenn framlög spila stórt hlutverk við að tryggja stofnuninni svigrúm til að veita fé til aðkallandi verkefna á svæðum þar sem þörfin er brýn og bregðast þarf skjótt við. Árið 2014 námu kjarnaframlög til UN Women 77,7 milljónum króna, sem er um 5,8% minna en árið áður. Hlutfallslega hæsta féð var lagt til tveggja verkefna sem miða að því að

afnema ofbeldi gegn konum og stúlkum; annars vegar til Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum, alls 18 milljónir og hins vegar 17 milljónir til verkefnis í Afganistan (EVAW Pillar) sem miðar að því að aðstoða afgönsk stjórnvöld og félagasamtök á svæðinu við að útrýma ofbeldi gegn konum og stúlkum en slíkt ofbeldi er gríðarlega alvarlegt vandamál í Afganistan. Haldið var hætti fyrra árs og var styrkt beint til Palestínu, að þessu sinni voru 11 milljónir króna veittar til Mehwar-kvennaathvarfsins í Betlehem, sem veitir konum sem orðið hafa fyrir ofbeldi

viðeigandi þjónustu. Þar að auki voru 600 þúsund krónur veittar fyrir stöðugildi starfsmanns UN Women í Palestínu. Tveir styrkir voru veittir til átaksverkefna, annars vegar til HeForShe-verkefnis í Úganda að verðmæti 3,3 milljóna króna og hins vegar 5 milljónir króna til alþjóðlegs átaksverkefnis af tilefni 20 ára afmæli Peking-sáttmálans. Auk 18,5* milljóna króna rekstrarframlags til landsnefndar UN Women á Íslandi samkvæmt samstarfssamningi utanríkisráðuneytisins og landsnefndarinnar.

* Framlag til landsnefndar 2014 og 2015


SIGRAR Í JAFNRÉTTISBARÁTTU

Fjölmargin markverðir sigrar unnust í kynjajafnréttisbaráttunni á árinu víða um heim. Marokkóska þingið breytti loks hegningarlögum sem snúa að gerendum í kynferðisbrotamálum. Hingað til hefur gerandi komist hjá refsingu með því að giftast þolandanum. Þessi nauðsynlega lagabreyting átti sér stað eftir að hin 16 ára gamla Amina al-Filali framdi sjálfsmorð í kjölfar þess að hafa verið þvinguð að giftast manningnum sem nauðgaði henni til að viðhalda heiðri fjölskyldu hans.

Eftir marga ára vinnu leit túníska stjórnarskráin loks dagsins ljós. Víða er hún talin ein sú framsæknasta í Mið-Austurlöndum. Samkvæmt stjórnarskránni eru allir borgarar jafnir fyrir lögum, njóta sömu réttinda og hafa sömu skyldur, konur sem karlar.

Stórsigur vannst þegar sáttmáli Evrópuráðsins gegn kynbundnu ofbeldi tók gildi. Svo að sáttmálinn, sem iðulega kallast Istanbúl-sáttmálinn, yrði löglega bindandi þurftu tíu lönd að undirrita hann. Ríkin sem samþykktu sáttmálan skuldbundu sig til að draga úr og koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi á borð við heimilisofbeldi og afskurð á kynfærum kvenna.

Þess má geta að afar táknræn vitundarvakning átti sér stað á árinu þegar hin pakistanska Malala hlaut Friðarverðlaun Nóbels, yngst viðtakenda, aðeins 17 ára gömul. Líkt og frægt er orðið hefur Malala frá unga aldri barist fyrir menntun stúlkna. Talíbanar reyndu að ráða hana af



Phumzile Mlambo-Ngcuka, framkvæmdastýra UN Women ásamt Malala Yousafza.

dögum fyrir baráttu sína en við það tvíefldist hún í baráttu sinni fyrir réttlæti og uppskar á viðeigandi hátt.

ÁRSREIKNINGUR

Tekjur á árinu 2014 námu rúmum 67,2 m.kr., þar af eru söfnunartekjur vegna Systralagsins, helstu fjáröflunarleið samtakanna, um 52 m.kr. Félagsmenn greiddu 1,1 m.kr. í félagsgjöld. Rekstrarstyrkir námu 11.2 m.kr., þar af komu 9 m.kr. frá utanríkisráðuneytinu samkvæmt samstarfssamningi. Aðrar rekstrartekjur og styrkir námu 2,7 m.kr. Áherslan í fjáröflun samtakanna á árinu var að fjölga félögum í Systralaginu. Þannig tekst okkur að styrkja stoðir undir rekstur samtakanna og tryggja viðvarandi framlög til verkefn UN Women í fátækustu löndum heims. Í ljósi þessara breyttu áherslna drógust aðrar tekjur, til að mynda tekjur af söluvarningi og einstökum viðburðum, saman á milli ára. Hlutverk landsnefndar UN Women er þrjúþætt, að vera málsvari kvenna í fátækustu löndum heims, að kynna og afla fjár til verkefna og starfsemi UN Women víða um heim sem og réttindagæsla. Landsnefndin hefur umsjón með fræðslu friðargæsluliða og sérfræðinga sem starfa á vettvangi, um jafnréttismál með sérstaka áherslu á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna númer 1325 er

varðar konur, frið og öryggi. Auk þess sinnir landsnefndin ráðgjafarhlutverki og veitir umsagnir vegna starfa eða málefna á fjölbjóðlegum vettvangi er snúa að jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. Rekstrarkostnaður landsnefndarinnar nam rúmlega 33 m.kr á árinu 2014. Starfsmanna-tengdur kostnaður er stærsti útgjaldaliður skrifstofunnar og nam hann um 22,8 m.kr á árinu en hjá landsnefndinni störfuðu þrjú starfsmenn í fyrsta sinn allt árið í fullu starfi og einn í hlutastarfi. Annar rekstrarkostnaður skrifstofu nam tæpum 4,6 m.kr., en landsnefnd UN Women deilir skrifstofu með UNICEF á Íslandi og Félagi Sameinuðu þjóðanna. Kostnaður vegna fjáröflunar nam 3,8 m.kr. og kostnaður vegna kynningastarfs nam 2,1 m.kr.

Uppreiknaður styrkur til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2014 nam rúmlega 34 m.kr. Framlög runnu í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum, Jafnréttis-sjóð UN Women og í sjóð er tengist verkefninu Öruggar borgir.

Helstu tekjur og gjöld

Tekjur

Söfnunarfé Systralagsins	52.028.607
Félagsgjöld	1.121.000
Framlög til rekstrar	11.257.791
Aðrar rekstrartekjur og styrkir	2.756.043
Samtals	<u>67.163.441</u>

Kostnaður vegna viðburða og verkefna

Kostnaður vegna fjáröflunar	11.425.937
Kostnaður vegna fræðslu og kynningastarfs	7.577.647
Viðburðir	1.506.560
Annar rekstrar kostnaður þ.m.t. réttindagæsla	12.855.828
Samtals	<u>33.365.972</u>

Framlög til verkefna UN Women	34.252.495
-------------------------------------	------------

ENGLISH OVERVIEW

FUNDRAISING

The Sisterhood Project

UN Women NCI relies solely on voluntary contribution from the general public with monthly donations as well as from the private sector to enhance women's gender equality and empowerment.

The Sisterhood Project, often called the heart of the NCI, continues to be the main fundraising method of the organisation and has consistently grown since 2009. The NCI continued its committed support to the United Nations Trust Fund to End Violence against Women alongside supporting the Fund for Gender Equality, a UN Women grant-making mechanism dedicated exclusively to the economic and political empowerment of women worldwide.

The number of monthly donors by the end of 2014 was 4.400 a 23 percent increase from the year before, which means that over a thousand new donors came on board this year. Sixty five percent of new donors were women, 34 percent were men and one percent were companies. Loyal donors of the Sisterhood enable the NCI to send the third highest contribution of the National Committees to projects supported by UN Women all over the world.

Face2face

Since 2009 the NCI has promoted the Sisterhood Project every summer by employing a group of Street "facers". This is one of the most important fundraising method of the NCI as most new donors sign up via facers.

This year, another passionate group of young adults roamed the streets of Reykjavík and surrounding municipalities and encouraged the public to join the campaign by becoming monthly donors.

Donation Boxes

Since 2012, the NCI has distributed special donation boxes to all major cafés, restaurants and shops in the greater Reykjavik area. This fundraising technique has become a steady source of income of about 3.600 USD for the NCI.

Gift certificates

The NCI's gift certificates make great presents for those who seem to have everything. The NCI has also received big donations from trusted benefactors who on different occasions have turned down conventional presents and asked friends and family to donate instead to the NCI.

The Reykjavík Marathon

Over 3,000 USD were raised for the NCI at the annual Reykjavík Marathon. We are grateful to the group of runners who ran in the name of UN Women.

Unexpected donations

The musician, Ólöf Arnalds donated approximately 2,000 USD unexpectedly to the NCI at the start of the year. She started a crowdsourcing campaign on pledgemusic.com for her new record, *Sudden Elevation*, and donated the surplus to the NCI.

AWARENESS RAISING

School visits

Members of the NCI's Youth Council as well as staff members of the NCI visited different schools and workplaces to promote the work of UN Women. The enthusiastic Youth Council visited many schools throughout the year as well as raise awareness about UN Women and the NCI with representation during various events within the universities and other platforms.

Safe Cities Global Initiative

The NCI launched a fundraising campaign in support of UN Women's Global Initiative called *Safe Cities*. Sexual violence in public spaces is an everyday occurrence for women and girls around the world and is a largely neglected issue, with few laws or policies in place to prevent and address it. The focus of the campaign was to raise awareness and funds to make public places safer for women and girls. During the campaign, the city of Reykjavík pledged to become a safe city. Reykjavík is one of seventeen cities to join the initiative. In order to raise awareness about this prevalent problem, the NCI made an interactive video based on the experiences of Icelandic women with regard to harassment in public places. The viewer could connect his/her smartphone to the website and watch the stories from two angles, the victim's side and the harassers view. The website was awarded an Icelandic "webby" award as the most innovative web-

site. Viewers were then encouraged to send a text message to make other cities around the world safer for women and girls. The campaign is the most extensive one that the NCI has launched.

One Billion Rising

The NCI celebrated One Billion Rising for the third time in collaboration with the Music festival Sónar Reykjavík. Nearly 3.000 people around the country escalated their efforts, rose up and demanded justice and danced against gender-based violence. The event took place at Harpa Music Hall in Reykjavík, at Akureyri, Ísafjörður, Seyðisfjörður and Westman Islands. This special event was hosted by Óttarr Proppé, a parliamentarian in Reykjavík. One Billion Rising was a beaming success.

Luminous

On November 25th, in honour of The International Day for the Elimination of Violence against Women and the conclusion of the Safe Cities Campaign mentioned earlier, the NCI invited Icelanders to participate in an special art installation by the artist, Ragnheiður Harpa Leifsdóttir. The installation was formed by attending guests who lit up one of Reykjavík's major parks by showing up with a candle or a smart phone. Those people then under the guidance of the artist orchestrated a spiral of lights. As the light spread out, choirs sang beautiful tones. Thereupon was a symbolic message sent out to society that violence against women and girls will not be tolerated.

HeForShe

UN Women Goodwill Ambassador and actress, Emma Watson, launched the HeForShe Campaign on the September 20th where she held a powerful speech and called on men and boys worldwide to join the movement for greater gender equality today. Men and boys were encouraged to take part by joining the movement at www.heforshe.org. The goal? To get a

million men to participate in one year. The NCI participated and encouraged men and boys in Iceland to take part. Approximately 8.500 men and boys in Iceland joined the cause in just a few days. To put it in a perspective, one out of every 20 men in Iceland became a HerForShe. In Europe, only Britain has more commitment from men and boys. In May 2015, the NCI launches a local HeForShe Campaign where men and boys will be encouraged to take the extra step and become monthly donors of the Sisterhood Project.

Beijing +20

UN Women celebrates the 20th anniversary of the Beijing Declaration and Platform for Action in 2015. The platform still remains a powerful source of guidance and inspiration. On that occasion, a yearlong campaign Beijing+20 was launched in June. The anniversary of Beijing Platform opens new opportunities to reconnect, regenerate commitment, charge up political will and mobilize the public. UN Women launched www.beijing20.unwomen.org with a monthly focus points that highlight the twelve critical issues of the platform. The NCI took active part by posting news and pictures concerning Beijing+20 on the NCI's social media and website and will keep it up until the end of the campaign in June 2015.

Conference on Equal Rights Affairs

On May 27th the NCI together with Festa – Icelandic Center for Corporate Social Responsibility and SA-Business Iceland and Centre for Gender Equality held a conference at Hilton Reykjavík Nordica, entitled "Gender equality – means business". Keynotespeaker was Kristin Hetle, Director of Strategic Partnerships for UN Women who spoke about the strategy and enactment of the Women's Empowerment Principle (WEP) and UN Global Compact. Other speakers included Gena Lovett, Global Chief Diversity Officer at Alcoa, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir,

CEO of Actavis, Sigurborg Arnardóttir President of Festa and Þorsteinn Víglundsson Managing Director of SA-Business Iceland. Rannveig Rist, CEO of Rio Tinto Alcan, received on behalf of her company the first ever Award for Gender Equality in the Workplace. The NCI as well as the Ministry, SA and Festa will hand out the awards annually hereafter. Five companies joined the WEPS as well as the Governance of Iceland that was the first one to do so worldwide. Part of the entrance fee for the conference went to the Fund for Gender Equality.

ADVOCACY

Government support

The NCI and the Ministry for Foreign Affairs have a co-operation agreement. According to the agreement, the MFA stipulated 9 million ISK (approx. 65,000 USD) to the NCI in 2014, which in return works closely with the Ministry on issues relating to women's empowerment and development. Special emphasis is on the Security Council's Resolution 1325 and other related resolutions regarding Women, Peace and Security. The NCI held several trainings on Resolution 1325 for Icelanders going abroad on Peace Keeping Missions.

The Icelandic Government continues to support UN Women internationally. UN Women is one of four key entities supported by the Ministry for Foreign Affairs. The Ministry has fulfilled its commitment to the cause with 151.1 million ISK (approx. 1.1 million USD) which includes the contribution to the NCI. The financial support includes a core contribution to UN Women as well as a contribution to the UN Trust Fund to End Violence against Women.

STJÓRN UN WOMEN 2014-2015



Efri röð:

Guðrún Ögmundsdóttir

Þórður Snær Júlíusson

Ólafur Stephensen

Soffía Sigurgeirsdóttir

Guðrún Norðfjörð

Vilborg Ólafsdóttir

Fanney Karlsdóttir

Neðri röð:

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir

Karen Áslaug Vignisdóttir

Arna Gerður Bang

og Kristjana Sigurbjörnsdóttir.

Á myndina vantar:

Frímann Sigurðsson og

Magnús Orra Schram.

FORMAÐUR

Guðrún Ögmundsdóttir

VARAFORMAÐUR

Kristjana Sigurbjörnsdóttir

GJALDKERI

Magnús Orri Schram

MEÐSTJÓRNENDUR

Arna Gerður Bang

Frímann Sigurðsson

Guðrún Norðfjörð

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir

Karen Áslaug Vignisdóttir

Ólafur Stephensen

Vilborg Ólafsdóttir

Þórður Snær Júlíusson

VARASTJÓRN

Fanney Karlsdóttir

Soffía Sigurgeirsdóttir

Aðalfundur UN Women á Íslandi var haldinn 30. apríl í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna við Laugaveg 176 og tók þá ofantalin stjórn til starfa. Guðrún Ögmundsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi setu formanns og var jafnframt ein til þess að bjóða sig fram og var því sjálfkjörin. Þá gáfu Margrét Rósa Jochumsdóttir, Þóra Arnórsdóttir og Olga Eleonora M. Egonsdóttir ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn auk þess sem Þórey Vilhjálmsdóttir lét af stjórnarsetu um mitt ár vegna anna. Þeim er öllum þakkað kærlega fyrir vel unnin störf.

Starfskonur landsnefndar UN Women á Íslandi:

Hanna Eiríksdóttir

Inga Dóra Pétursdóttir (í leyfi)

Marta Goðadóttir

Snædís Baldursdóttir

Landsnefnd UN Women á Íslandi

Laugavegi 176, 5. hæð

105 Reykjavík

S. 552-6200

www.unwomen.is